

Heilbrigðisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Skrifstofa heilsueflingar og vísinda**
Dagsetning: **21.02.2023**
Málsnúmer: **HRN22060073**
Bréfalykill: **02.11.01**

Efni: Um umsagnir og tillögur að breytingum á frumvarpi til laga um tóbaksvarnir (innihaldsefni, umbúðir o.fl.)

Á fundi fulltrúa heilbrigðisráðuneytis með velferðarnefnd 25. janúar 2023 óskaði nefndin eftir minnisblaði frá ráðuneytinu vegna 530. máls – tóbaksvarnir (innihaldsefni, umbúðir o.fl.).

Óskað var eftir því að fram kæmu í minnisblaðinu m.a. upplýsingar um þær umsagnir sem bárust og hvernig brugðist var við þeim. Auk þess óskaði nefndin eftir tillögum ráðuneytisins að breytingum á 3. og 8. gr. frumvarpsins. Loks var óskað eftir excel-skjali með yfirliti yfir tölfræði sem varðar málið.

Umsagnir

Viðbrögð ráðuneytisins við umsögnum sem bárust velferðarnefnd eru eftirfarandi:

- Reglugerðardrög um viðvörunarmerkingar, sbr. 6. gr. c í frumvarpinu, og sem breyta reglugerð nr. 790/2011 um mynd- og textaviðvaranir á tóbaki og mælingar á hámarki skaðlegra tóbaksefna, eru langt komin í ráðuneytinu og verða sett í samráðsgátt stjórnvalda. (Embætti landlæknis)
- Ráðherra hefur samkvæmt 5. mgr. 6. gr. c heimild til að taka upp einsleitar umbúðir og setja í reglugerð. (Embætti landlæknis og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins)
- Til framtíðar litið er sjálfsagt að skoða það að fella saman lög um nikótínvörur, rafrettur og tóbaksvarnalög en það krefst vandlegrar íhugunar og ítarlegrar vinnu sem ekki er unnt að fara í á þessari stundu. (Krabbameinsfélag Íslands)
- Ekki er talin þörf á að breyta 1. mgr. 1. gr. á þann hátt að „börn“ séu nefnd sérstaklega en í 2. máls. er vikið að ungu fólki og í athugasemd við greinina er vísað til barna og ungmenna. (Umboðsmaður barna)
- Að höfðu samráði við viðeigandi stofnanir er lögð hér fram breytingatillaga á 3. gr., sjá neðar. (Umhverfisstofnun og Lyfjastofnun)
- Að mati ráðuneytisins er ekki talið rétt að fallast á þá breytingatillögu að setja inn orðið „nikótín“ í stað orðsins „tóbak“ í 2. máls. 3. gr. Ástæðan er sú að um nikótínvörur gilda lög nr. 87/2018 með síðari breytingum og er þetta ákvæði nú í samræmi við 2. mgr. 2. gr. þeirra laga. (Lyfjafræðingafélag Íslands)
- Varðandi gildandi ákvæði í 8. gr. með tilvísun til laga um verslunaratvinnu er lögð til breyting á 8. gr. frumvarpsins, sjá tillögu neðar í minnisblaði. Með því verður unnt að tryggja betur eftirlit heilbrigðisnefnda með smásölu tóbaks og hafin verður strax vinna við endurskoðun umræddrar reglugerðar. (Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur)
- Með fjarsölu yfir landamæri er átt við þegar tóbaksvara er seld yfir landamæri, t.d. um netið án viðkomu í vöruhúsi ÁTVR hér á landi, sbr. skýringu við 8. tölul. 2. gr. frumvarpsins. Eftirlit með slíku hefur Skatturinn, enda eru allar vörur sem fluttar eru til landsins tollskyldar án tillits til verðmætis sem myndi þá stöðva slíkan innflutning í ljósi þess banns sem kveðið er á um í i-lið 6. gr. frumvarpsins sem yrði 6. gr. h verði frumvarpið samþykkt sem lög. (Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur)

- Tekið er undir þau sjónarmið að rétt væri að setja reglur um fjarsölu innanlands, eða svokallaða netverslun, en ekki er kveðið á um slíkt í tóbakstilskipuninni 2014/40/ESB og því var ekki lögð til breyting þar að lútandi. Verði farið í heildarendurskoðun tóbaksvarnalaga verður þetta sjónarmið haft í öndvegi. Á fundi fulltrúa ráðuneytisins með fulltrúum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur var lagt til af hálfu eftirlitsins að netsala yrði bönnuð hér á landi vegna almannahagsmuna, þ.e. vegna þess að mjög erfitt geti reynst að hafa eftirlit með starfsemi. Í tillögum eftirlitsins kemur fram að sé ekki vilji til að banna netsölu þurfi að binda hana sömu skilyrðum og aðra tóbakssölu, svo sem varðandi sýnileikabann, aldurstakmark og tilgreina hvernig leyfishafi á að haga netsölu til að uppfylla þau.

Breytingatillögur á frumvarpinu

Eftirfarandi eru tillögur ráðuneytisins að breytingum á frumvarpinu samkvæmt beiðni velferðarnefndar:

3. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

Lög þessi gilda um vörur sem innihalda tóbak og tengdar vörur. Lögin gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf samkvæmt lyfjalögum eða vörur sem falla undir lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Tillaga ráðuneytisins að breytingu á 3. gr. frumvarpsins:

Lög þessi gilda um vörur sem innihalda tóbak og tengdar vörur. Lögin gilda ekki um vörur sem falla undir lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur eða vörur sem falla undir efnalög.

b-liður 8. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

Í stað orðsins „útsölustöðum“ í 11. mgr. kemur: smásölustöðum.

Tillaga ráðuneytisins að breytingu á b-lið 8. gr. frumvarpsins:

b. Eftirfarandi breytingar verða á 11. mgr.:

i. 4. másl. verður svohljóðandi: Leyfi samkvæmt þessari grein skal bundið tilgreindum sölusatð, veitt til fjögurra ára í senn og einungis veitt lögaðila sem fullnægir skilyrðum reglugerðar um leyfisveitingar, sbr. 7. másl.

ii. Á eftir orðunum „m.a. um“ í 7. másl. kemur: skilyrði fyrir leyfisveitingu um smásölu tóbaks sem talin eru nauðsynleg til að tryggja öryggi og eftirlit með atvinnustarfsemi.

Tölulegar upplýsingar

Hjálagt er excel-skjal sem veitir tölulegar upplýsingar frá embætti landlæknis um þróun á neyslu tóbaks- og nikótínvara undanfarin ár, sent að beiðni velferðarnefndar.



Tölulegar upplýsingar um þróun á neyslu tóbaks og nikótínvara.xlsx